



# BRÝNIÐ



12.árg. 1.tbl. Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð Febr. 2007

## Frá formanni:

Síðast liðið ár var nokkuð viðburðarríkt hjá Félagi áhugamanna um tréskurð. Félagið fagnaði 10 ára afmæli sínu í vor með veglegri sýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur. 21. nóvember var haldinn aðalfundur og tók þá undirritaður við sem formaður félagsins. Áform og hugmyndir eru nokkrar hjá nýjum formanni eins og eðlilegt er.

Eitt af hugðarefnum formanns er lítil skoðanakönnun. Ætlunin með þessari könnun er að átta sig á óskum og þörfum félagsmanna – hvaða hugmyndir þeir hefðu um starfsemi félagsins. Til dæmis kynningarstarf, aukin aðgang að teikningum o.s.frv. Það er ósk formanns að félagar bregðist nú vel við og svari könnun þessari fljótt og vel. Könnunin verður send út fljótlega.

Heimasíða félagsins hefur ekki verið uppfærð um tíma og ljóst að þar þarf að gera bragarbót. Hafin er undirbúningsvinna að nýrri síðu. Hugmyndir um hvað eigi að vera á heimasíðunni eru vel þegnar.

Áhugi er hjá formanni og fleirum í félaginu, að hafa nokkra samvinnu við trérennismiði og eins Heimilisiðnaðarfélagið. Ekki eru áform eða vilji að þessi félög sameinist en margt sem skarast hvað varðar verkefnasvið og markmið félaganna. Fleira er á dagskránni sem stjórnin er að vinna að eins og kynningarstarf en of snemmt er að segja til um útfærslu á þeim þætti.

Í haust var tekin upp sú nýbreytni að hafa opið hús. Bauð Friðgeir Guðmundsson, fráfaramandi formaður FÁT, til sín áhugasömum tréskerum. Var þetta vel heppnað og vel sótt. Áformað er að halda þessu áfram. Þessi opnu hús verða auglýst sérstaklega. Megi árið verða ykkur farsælt í tréskurði sem og í öðru í daglegu amstri.

Sigurjón Gunnarsson, formaður

## Dagskrá vormisseris:

### Febrúar:

Laugardaginn 24. febrúar verður opið hús, á verkstæðinu hjá Sigurjóni formanni, að Hólshrauni 5 í Hafnarfirði frá kl. 14:00. (Hólshraun 5 er fyrir aftan Fjarðarkaup, en fyrir framan Handverkshúsið).

### Mars:

Laugardaginn 17. mars verður opið hús á verkstæðinu hjá Erni Sigurðssyni að Laugavegi 100, annarri hæð, frá kl. 14:00. (á horni Laugarvegjar og Snorrabautar).

### Maí:

Vorsýning félagsins verður í safnaðarheimili Háteigskirkju á uppstigningardag 17 maí og helgina 19-20 maí, kl. 12:00-17:00 alla dagana. Félagsmenn eru hvattir til að taka þátt í sýningunni og koma með muni í safnaðarheimilið miðvikudaginn 16 maí kl 17:00-18:00

Vorferð félagsins verður væntanlega í maí, nánar um það síðar.

## Frá aðalfundi:

Aðalfundur félagsins var haldinn 21 nóvember s.l. að Gaflinn í Hafnarfirði. Dagskráin var venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál. Mæting var heldur slök. Samþykkt var að hækka félagsgjöldin í kr. 1700, en þau hafa verið óbreytt í nokkur ár. Nokkur breyting vað á skipan stjórnar. Friðgeir Guðmundsson lét af störfum sem formaður en samþykkt var að hann sæti áfram fyrir félagið í samstarfsnefndinni fyrir Norræna heimilisíðnaðarþingið næsta haust.

Í stjórn voru kosnir:

Sigurjón Gunnarsson formaður, sími: 5578212, 8995716.

Halldór Vilhelmsson varaformaður, sími: 5656122, 8989619.

Björn Bergsson ritari, sími: 5812723.

Matthias Ottosson gjaldkeri, sími: 5667272, 8923787.

Örn Sigurðsson meðstjórnandi, sími: 8488659

Friðgeir Guðmundsson meðstjórnandi, sími: 5546775, 8616775.

Í sýninganefnd:

Bjarni Þór Kristjánsson formaður, sími: 5684654, 6976294.

Halldór Vilhelmsson. Jón Vilhelmsson s. 5657962, Sigurður Vilmundarson og Örn Sigurðsson.

Í ritnefnd:

Anna Lilja Jónsdóttir formaður, sími: 5538253, 8648253.

Ingólfur Sigurðsson s. 6602543 og Sveinn Guðbjartsson 8986332

## Hitt og þetta.

Ítalski trélistamaðurinn Rumerio Giuseppe er væntanlegur til landsins í apríl n.k. Þetta er í þriðja sinn sem listamaðurinn kemur til landsins og kennir útskurðarmönnum. Fyrirhugað er 5 daga námskeið í mótun í leir og tré dagana 12-16 apríl í Kópavoginum. Einnig er fyrirhugað 3 daga námskeið á Akureyri, í leirmótun, ef næg þáttaka fæst. Upplýsingar gefur Jón Adólf í síma 8966234.

Fyrir þá sem áhuga hafa á að skoða blogg um tréskurð er rétt að benda á síðuna [treskurdur.blogspot.com](http://treskurdur.blogspot.com).

## Brýnið

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð  
Melalind 12,  
201 Kópavogur  
Heimasíða Félags áhugamanna um tréskurð  
<http://www.simnet.is/samvil/treskurdur>

